

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1811
komudagur 25.4.2006

**Nefndasvið Alþingis,
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

Reykjavík, 24. apríl 2006.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á þjóðskrá og almannaskráningu frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, 132. löggjafarþing, þskj. 822 – 567. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar.

Varðandi markmið frumvarpsins er vísað til umsagnar nefndarinnar um þingskjal 822 – 567. mál. Að auki er ætlun frumvarpsins að breyta lögum um tilkynningu aðsetursskipta til samræmis við nýjan norrænan samning um almannaskráningu frá 1. nóvember 2004. Með samningnum urðu Norðurlöndin ásátt um að í stað þess að skráning á flutningum fólks milli Norðurlandanna byggðist á samnorrænum flutningsvottorðum yrðu teknar upp rafrænar flutningstilkynningar milli þjóðskráa ríkjanna.

Laganefnd LMFÍ gerir ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður